

Fundur í skólaráði Grunnskóla Grindavíkur 21.febrúar 2013 kl. 16:30

Mættir voru: Valdís og Magnea fulltrúar kennara, Kolbrún frá Króki, Þórunn fulltrúi starfsmanna, Geirlaug og Sigurður fulltrúar foreldra, Halldóra skólastjóri og Guðbjörg aðstoðarskólastjóri sem ritaði fundargerð.

1. Skipulag næsta skólaárs og starfsmannamál

- Næsta ár er áætlað að komi inn 46 nemendur í 1. bekk og útskrifast 42 þannig að áætlað er 455 nemendur verði hér næsta skólaár.
- Starfsmannaviðtöl eru að hefjast og gefst starfsfólki kostur á að velja sér þann stjórnanda sem þeir óska eftir að tala við.
- Úr leyfi eru að koma Hólmfríður Samúelsdóttir og Þuríður Gísladóttir en ekki er vitað um Þórunni Erlingsdóttur. Ægir Viktorsson er í leyfi til áramóta. María Þóra Sigurðardóttir hefur sagt upp störfum sem skólaliði. Fundur var fyrir stuttu með skólaliðum, stuðningsfulltrúum og fulltrúum verkalýðsfélags og kom í ljós að mismunandi ráðningarsamningar eru í gangi.
- Uppbygginganámskeið verða í mars fyrir starfsmenn sem þurfa grunnnámskeið. Samstarf verður um námskeiðin við íþrótt- og félagsmiðstöðina.

2. Skólasel

Tillaga sem lögð verður fyrir fræðsluráð á fundi í febrúar

- Fyrir 1.-3.bekk (65 krakkar í dag)
- Breyting á fyrirkomulagi og verður hægt að velja 4 möguleika
 - ✓ Allir dagar til 14:00 gjaldflokkur 1
 - ✓ Allir dagar til 15:00 gjaldflokkur 2
 - ✓ Allir dagar til 16:00 gjaldflokkur 3
 - ✓ Allir dagar til 17:00 gjaldflokkur 4 – hærra verð, lágmark 8 börn til þess að verði opið milli 16 og 17.
 - ✓ Síðdegishressing inni í gjaldi fyrir þá sem dvelja lengur en 14:00
 - ✓ Opið á starfsdögum nema sameiginlegum starfsdögum Grindavíkur. Greitt sérstaklega fyrir tímamann frá 8-13 á samskiptadögum og starfsdögum. Lokað í vetrarleyfi, jóla- og páskafríi, árs hátíðardegi og vorgleði.

3. Skóladagatal

Eftirfarandi punktar voru ræddir fyrir gerð skóladagatala næsta skólaárs

- Samskiptadagar, þeir voru síðdegis en í vetur voru þeir á einum degi.
- Vetrarfrí
- Starfsdagar á skólatíma, Grindavíkurdagur, mikilvægt að halda honum sem 6. Starfsdegi.
- Öskudagur, óþarfi að hafa hann skertan
- Prófadagur
- 2 annir, 3 annir
- Námskeiðsdagar, hafa verið settir inn á starfsdaga en væntanlega verða þeir fyrir utan skólaárið þ.e. 12-15.ágúst.

- 7. janúar á að vera frí í fyrstu tímum eftir þrettándagleði
 - Jólagleði – tvöfaldur dagur – ánægja með það
4. Skólanámskrá
- Endurskoðun skólanámskrá er meginverkefni næsta skólaárs. Umsókn um styrk úr Sprotasjóði hefur verið lögð inn fyrir næsta ár. Nýtt námsmat verður einnig í aðalhlutverki næsta ár. Búið er að kynna 5 grunnþætti af 6 og íbúáþing hefur verið haldið. 5.mars verður síðan kynning á síðasta grunnþættinum sem er heilbrigði og velferð.
 - Endurskoðun skólastefnu Grindvíkurbæjar verður kynnt á vordögum
 - Verkefninu öllu á að vera lokið í feb. 1015.
5. Önnur mál
- a) Veikindadagar nemenda – skólinn hefur samband við foreldra ef um mjög mikil veikindi er að ræða.
 - b) Samþykkt að hittast áfram á fimmtudögum næsti fundur verður 4.apríl kl. 16:30

Fundur slikið kl. 18:02